

Hleðslustöðvar í Hafnarfirði

21.3 '17

Minnisblað

Hafnarfjarðarbær sótti um og fékk úthlutað styrk frá Orkusjóði fyrir uppsetningu á einni hraðhleðslustöð fyrir rafbíla. Styrkurinn hljóðar uppá allt að 4mkr með jafnmiklu framlagi frá styrkþega. Eins fékk Hafnarfjarðarbær gefins hæghleðslustöð frá Orkusölu.

Staðsetningar fyrir bæði hrað- og hæghleðslustöðinni hafa verið samþykktar af Umhverfis- og framkvæmdaráðinu. Hæghleðslustöðin verður sett upp við Ásvallalaug og hraðhleðslan við Fjörð verslunarmiðstöðina.

Hafnarfjarðarbær fékk tilboð frá fjórum aðilum í hraðhleðslustöð og í þjónustu. Tilboðin eru öll nokkuð sambærileg nema frá Orku Náttúrunnar þar sem forsendur fyrir rekstri þar eru allt aðrar heldur en hjá hinum. Allir hinir aðilarnir bjóða okkur hleðslustöðvar frá sínum birgjum ásamt þjónustu. Þá myndum alveg stýra útliti, hvort að selt sé inná stöðina og hvaðan orkan er keypt. Hjá ON er þetta allt í þeirra höndum.

Mín tillaga er að hraðhleðslustöðin ásamt þjónustu við hana sé keypt af Ísorku. Þar er verðið gott, stöðvarnar nýstarlegar með íslensku viðmóti, öflugt rekstar- og upplýsingarkerfi, þjónustuviðmót við bílaeigandan langt komið og fyrirtækið stórt og stöndugt. Þá getum við ráðið því hvaðan við kaupum orkuna, hvort við seljum hana og við haldið utan um allar upplýsingar er snúa að notkun og rekstri stöðvarinnar.

Ísorka hefur einnig boðið uppá búnað til að hægt sé að tengja hæghleðslustöðina sem við fengum að gjöf við rekstar- og upplýsingarkerfi. Mælt er með því að þessu tilboði sé einnig tekið og hæghleðslustöðin þá tengd sama upplýsingarkerfi og hraðhleðslustöðin.

Áætlaður kostnaður við hraðhleðslustöðina :

Hleðslustöðin	4.340.000
Undirstaða jarðvinna og uppsetning	1.000.000
Skýli yfir stöð	558.000
Tenging við rafveitu	500.000
Frágangur og ýmislegt	1.000.000

Samtals 7.398.000 kr

Áætlaður kostnaður við tengingu og uppsetningu á hæghleðslustöðinni: **600.000kr**

Árlegur kostnaður við rekstrar og upplýsingarkerfi við báðar stöðvarnar **480.000kr**

Virðingarfyllt

Ishmael David
Framkvæmdadeild Hafnarfjarðar